



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**SKRIFSTOFUR
SVÆÐISSKRIFSTOFU
MÁLEFNA FATLAÐRA
SUÐURLANDI
LEIGUHÚSNÆÐI**

SKILAGREIN

OKTÓBER 2010



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**SKRIFSTOFUR
SVÆÐISSKRIFSTOFU
MÁLEFNA FATLAÐRA
SUÐURLANDI
LEIGUHÚSNÆÐI**

SKILAGREIN

OKTÓBER 2010



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1 UPPHAF VERKEFNIS	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4 LEIGUSAMNINGUR	3
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8 VERKLOK	4
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	4

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leigu-húsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Í ágúst 2006 auglýsti Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Suðurlandi (SMFS) eftir leiguhúsnæði undir fyrir starfsemina, einungis tvö tilboð bárust og voru bæði óásættanleg. SMFS var því bent á að leita samstarfs við FSR.

Verkefnið fólst í að gera þarfagreiningu og húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gera leigusamnings og að hafa eftirlit fyrir leigjanda með framkvæmdum við húsnæðið.

Verkefnisstjóri frá FSR er Jón H. Ásbjörnsson.



Forrými húsnæðisins að Eyravegi 25, Selfossi.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Húsrýmisáætlun var unnin í samráði við notendur, starfsmenn Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi. Niðurstaða húsrýmisáætlunarinnar var að húsnæðisþörfin væri um 300 fermetrar, sem skiptust í 8 skrifstofur, móttöku, fundaherbergi og fleira.

FSR útbjó húslýsingu sem tilboð skyldu uppfylla.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Auglýst var eftir leiguhúsnæði fyrir skrifstofur SMFS í desember 2006 og tilboðum skilað 16. janúar 2007. Húsnæðið skyldi vera á Selfossi og utan iðnaðarhverfa með gott aðgengi fyrir alla og í samræmi við húslýsingu. Fjögur tilboð bárust og var ákveðið að taka lægsta tilboði, sem var frá Jóni Árna Guðmundssyni. Þetta húsnæði var að Eyravegi 25, Selfossi, alls 330 fermetrar.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamnings, sem var á milli Jóns Árna Guðmundssonar, þinglýsts eiganda Eyravegar 25, og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi (SMFS). Leiguhúsnæðið er á 2. hæð hússins, 300 fermetrar, ásamt 20 fermetrum í sameign. Samningurinn er til 10 ára og gildir til 30. september 2017. Húsnæðið var afhent 1. október 2007.

Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.



Móttaka.

5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI

Í samræmi við ákvæði húslýsingar var Sandra D. Gunnarsdóttir fulltrúi leigutaka og Jón Árni Guðmundsson fulltrúi leigusala og mynduðu þau ásamt Jóni H. Ásbjörnssyni frá FSR, teymi um framkvæmd málsins fram að afhendingu.

Haldnir voru 2 hönnunarfundir og 3 verkstöðufundir ásamt lokaúttekt.



Lyfta.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Aðalhönnuðir fyrir hönd leigusala var M2 teiknistofa ehf. á Selfossi, einnig kom að hönnuninni Raflagnþjónusta Selfoss ehf. og Helgi Gunnarsson, loftræstihönnuður.

Eftirlit með framkvæmdunum, fyrir hönd leigutaka, hafði Jón H. Ásbjörnsson FSR.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Húsnæðið var fókheilt þegar framkvæmdir hófust. Var hæðin öll einangruð og klædd og síðan innréttuð í fullu samræmi við húslýsingu, það er settir voru upp léttir veggir og loft, gólfíð lagt linoleum dúk og fastar innréttingar settar upp á kaffistofu, móttöku og víðar, ofnar settir upp og lofræsing úr lokuðum rýmum, raflagnir frágengnar í veggjum og stokkar við útveggi.



Skrifstofa.

8 VERKLOK

Húsnæðið var formlega afhent að viðstöddum ráðherra 6. desember 2007.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagreina fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri